

# Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Lyngheimar

2018-2019



Leiðarljós skóla- og frístundasviðs:

Að öll börn og ungmenni í borginni eigi kost á menntun og leik við sitt hæfi, þar sem ýtt er undir sköpun og frumkvæði og byggt er á styrkleikum, áhuga og færni hvers og eins. Þeim líði vel, fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun sem nýtist þeim í lífinu.

Hlutverk

Að veita börnunum og ungmennum bestu mögulegu tækifæri til leiks, menntunar og frístundastarfs í samvinnu við fjölskyldur og nærsamfélagið.

Að vera framsækið forystuafli í skóla- og frístundastarfi

## Efnisyfirlit.

Um starfáætlun leikskóla.

Leiðarljós leikskólans.

- 1 Greinagerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári.
- 2 Um innra mat í leikskólum.
  - 2.1 Greinagerð deildarstjóra allra deilda um starfið á síðasta ári.
- 3 Ytra mat.
- 4 Greinagerð sérkennslustjóra um starfið á síðasta ári.
- 5 Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.
- 6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.
- 7 Foreldrasamvinna.
- 8 Samstarf leik- og grunnskóla.
- 9 Skipulagsdagar.
- 10 Fylgiskjöl.
- 11 Matsgögn.
- 12 Umsögn foreldraráðs.



## Leiðarljós Lyngheima.

**Virðing:** Að koma vel fram við aðra.

**Umhyggja:** Að snerta, hughreysta og hugga.

**Tillitsemi:** Að setja sig í spor annarra.



### 1. Greinagerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári.

Veturinn 2017-2018 einkenndist af miklum breytingum. Leikskólastjórinn okkar til margra ára hætti störfum og ríkti nokkur óvissa um hver tæki við hennar starfi. Þrátt fyrir óvissuna héldum við okkar striki.

Haustið byrjaði mjög líkt öðrum haustum á Lyngheimum. Húsið var vel mannað og við vorum svo heppnar að fá tvo kennara til starfa. Báðir kennararnir höfðu unnið hjá okkur áður. Á vorönn 2017 var unnin umbótaáætlun sem strax var farið að vinna eftir um haustið. Við héldum áfram með þau umbótaverkefni sem sett höfðu verið af stað um vorið. Verkefni eins og opið flæði og verkstæðisdagar fóru strax af stað ásamt þeim markmiðum sem deildarnar höfðu sett sér þessa önn varðandi námsþættina.

Undirbúningur deildarstjóra gekk vel. Í framhaldi af undirbúningsverkefni deildarstjóra var ákveðið að finna leið til að bjóða kennurum sem ekki eru deildarstjórar að taka helming undirbúningstíma heima og leikskólaliðar fá nú fastan undirbúning einu sinni í viku.

Við fengum reglulegar heimsóknir Ásdísar Olgu frá Skóla og frístundasviði til okkar og hefur hún hjálpað okkur að vinna markvisst að umbótum. Setja okkur markmið og leiðir og vinna eftir þeim. Deildarstjórar völdu sér verkefni tengt námsþáttunum. Klapparvör elsti árgangur vann verkefni varðandi tengsl heimilis og skóla. Verkefnið kölluðu þau „Að láta ljós mitt skína“. Fjósaklettur næst elsti árgangur vann verkefnið sögugerð og sköpun, Sögur í máli og myndum. Guddumói blandaður árangur 2-3 ára barna vann verkefnið eflum sjálfbærni. Knútskot yngsta deildin, vann verkefni með skráningu. Öll þessi verkefni tókust vel og voru gefandi inn í starfið okkar.

Fyrsta febrúar var ráðið í stöðu leikskólastjóra og var ég Kristín Helgadóttir svo heppin að fá starfið, en áður hafði ég unnið á Lyngheimum sem

aðstoðarleikskólastjóri og leyst af sem leikskólastjóri þann tíma sem óráðið var í stöðuna. Eftir að ég tók formlega við stöðunni byrjaði ég strax á starfsmannaviðtölum til að heyra í fólkinu mínu. Viðtölin gengu mjög vel og það var létt yfir fólki, þrátt fyrir óvissu og nokkur langvarandi veikindi starfsmanna. Veturinn 2017 var byrjað á umbótum á vinnuumhverfi starfsmanna. Við höldum áfram með það verkefni og hefur húsið tekið miklum breytingum er orðið mikið bjartara og opnara. Breytingin á húsinu hefði ekki gengið svona vel nema með samheldni starfsmanna og áhuga fyrir verkefninu. Við ætlum að halda áfram með verkefnið í haust og breyta ásýnd deildanna og fataklefans. Í mars fékk leikskólinn grænfána 2. Okkur hefur gengið mjög vel að viðhalda grænfánaverkefninu vegna mikils áhuga barnanna og starfsfólks. Lyngheimar er heilsueflandi leikskóli og á vorönn settum við okkur heilsueflandi markmið bæði fyrir starfsmenn og börn. Starfsmenn hafa kost á að fara í göngu tvisvar í viku 15 mínútur í senn á vinnutíma. Það er líka farið með börnin í reglulega hreyfingu í sal og gönguferðir. Þessar gönguferðir hafa mælst vel fyrir og við ætlum að halda áfram með þær næsta haust. Í vor fór allur starfsmannahópurinn saman til Gdansk í náms og kynnisferð. Ferðin var einstaklega vel heppnuð og þjappaði hópnunum enn betur saman.

Í maí útskrifuðum við glæsilegan hóp nemenda með flottu útskriftarverkefni sem þau unnu sjálf eftir sínum hugmyndum. Verkefnið tengdi saman alla námsþættina og sýndi hvað börnin höfðu lært og þroskast þann tíma sem þau hafa verið í Lyngheimum. Vorönninni lukum við síðan með íþróttaviku, opnu húsi og sumarhátíð í boði foreldrafélagsins.

## **2. Innra mat leikskólans.**

Á skipulagsdegi 18. mars 2018 gerðum við mat á starfinu. Þar sem stutt var síðan ég tók við starfi leikskólastjóra ákvað ég, í samráði við deildarstjóra, þá þætti starfsins sem við vildum skoða. Það var ákveðið við nota spurningar úr bæklingnum „Viðmið og vísbendingar fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs“ og horfa til sjö þátta starfsins. Fagmennsku starfsfólks, starfsánægju, leikskólabrag, stjórnandann sem faglegan leiðtoga, þátttöku foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun, velferð og líðan barna, leik og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttöku barna. Allir starfsmenn tóku þátt í matinu.

Á skipulagsdegi 18.maí 2018 var farið yfir niðurstöður matsþátta , gerð var umbótaáætlun varðandi þá þætti sem fengu ekki A eða B niðurstöðu. Eftir hópumræður gerðu starfsmenn umbótaáætlun fyrir næsta vetur .Sjá fylgiskjöl.

Leiksskólinn fékk grænfána 2 í mars 2018. Við fengum góða endurgjöf frá landvernd og unnið verður að frekari markmiðum varðandi verkefnið næsta vetur. sjá fylgiskjal.

Verkefnið heilsueflandi leikskóli verður haldið áfram markvist út frá heilsustefnu Lyngheima. Við munum taka þátt í samstarfsverkefninu Rimaheilsa með Rimaskóla og leikskólum hverfisins. Við munum jafnframt setja okkur ný markmið fyrir leikskólann samkvæmt niðurstöðum mats sem gert var í vor þar sem spurt var „Hvernig stuðlum við að betri heilsu starfsfólks og barna?“ Sjá fylgiskjal.

### **Innra mat barnanna.**

Ákveðið var að leggja spurningar fyrir 6 börn, 3 stelpur og 3 stráka, úr næst elsta árgangi leikskólans varðandi líðan í leikskólanum, sameiginleg leiksvæði inni og verkefni sem við settum í umbætur eftir ytra mat sem gert var vorið 2017.

Hvernig líður þér í leikskólanum?  
Hvað er skemmtilegt að gera í leikskólanum?  
Hvað er leiðinlegast að gera í leikskólanum?  
Hvar líður þér best í leikskólanum?  
Hvað er að vera vinur?  
Hvað er fjölmening?  
Er heimiliskrókur á réttum stað í húsinu eftir að við færðum hann?



### **Svör barnanna voru nokkuð samhljóma.**

Öllum börnunum leið vel í leikskólanum og sögðu að það væri svo gaman að vera saman.

Þau svöruðu öll að skemmtilegast í leikskólanum væri að leika saman og við vini sína.

Öllum börnunum nema einu fannst skemmtilegt í leikskólanum. Það barn svaraði spurningunni um hvort eitthvað væri leiðinlegt í leikskólanum á þá leið að sér fyndist leiðinlegt þegar verið væri að skilja útundan.

Við munum skoða þetta svar vel og setja í umbætur.

Öllum börnunum leið best inn á deildinni sinni eða í sandkassanum að moka, sulla og búa til kökur. Sandkassinn verður settur í umbætur varðandi búleik og vatnsleiki.

Börnin vissu öll hvað væri að vera vinur, svörin þeirra voru mjög svipuð og fjölluðu um að vera góð við hvort annað og leika saman.

Þau voru ekki viss um hvað orðið fjölmening þýddi. Ég spurði deildarstjórnann um það, því mikið hafði verið unnið með fjölmeningu á deildinni, hún notaði ekki orðið fjölmening heldur þjóðarbrot. Við munum setja orðaval okkar varðandi námsþættina og verkefni í umbætur svo samræmi í orðavali verði milli deilda og kennara.

Svar við spurningunni hvar heimiliskrókurinn á að vera var mjög skýrt.

Heimiliskrókur á að vera á sviðinu, þar er best að leika sér í mömmó og búningum.

Heimiliskrókurinn var áður mjög miðsvæðis í húsinu á svæði þar sem mikil umgangur og truflun var. Við sáum af svörun barnanna að það var rétt ákvörðun að færa heimiliskrókinn.

#### Tröllasaga.

Einu sinni var tröllastrákur.

Hann varð að steini því að það var komin sól.

Svo kom aftur nótt og þá vaknaði tröllastrákurinn og varð leiður af því hann komst ekki heim af því hann var fastur í steininum þó hann væri vaknaður og þá komu tár.

Tröllastrákurinn var fastur í gildru og enginn gat hjálpað honum að komast út. Pabbi hans var að kalla tröllastrákur hvar ertu.

Þá kom vinur tröllastráksins og var að leita að lyklu til að bjarga tröllastráknum.

En hann fann hann ekki og tröllastrákurinn losnaði aldrei úr steininum.



## 2.1 Greinagerð deildarstjóra.

### Greinagerð frá Knútskots veturinn 2017-2018 árgangar 2015-2017

Þátttökuaðlögun var í ágúst á Knútskoti og voru 14 börn aðlöguð. Á haustönninni var lögð áhersla á að gera börnin örugg í umhverfi sínu. Við fórum í opið flæði og verkstæðisdaga eftir áramót þegar börnin voru orðin öruggari í umhverfinu sínu. Í samverustundum sungum við mikið um vinaáttuna og í október tókum við inn Lubbi finnur málbein í samverustundum og var hvert hljóð í 4 vikur í senn. Á vorönn héldum við áfram með Lubba og unnum með vináttuna og styrktum jákvæða hegðun. Skráning var aukin og hvert barn á nú ferillmöppu sem sýnir vinnu barnsins í öllum námsþáttum samkvæmt skólanámskrá.

Vinna vorannar endaði með litamánuði þar sem grunnlitirnir áttu sína vikuna hver. Sjá fylgiskjal varðandi umbætur.



Guðlaug Gísladóttir deildarstjóri.

## Greinagerð frá Guddumóa veturinn 2018 árgangur 2014-2015

Í vetur hefur megin áherslan á Guddumóa verið að efla sjálfstæði og sjálfshjálp barnanna, þau velji sér efnivið eftir áhugasviði og læri að bjarga sér að mestu sjálf í fataklefa.

Í hillum inni á deild var efniviður/leikefni í boði sem þau gátu nálgast. Þau þurftu að biðja um leyfi um hvað þau vildu gera. Í byrjun haustsins óðu þau úr einu í annað og var ákveðið að bakka aðeins og stýra leikefninu sem var í boði (yfirleitt alltaf eitthvað þrennt). Við byrjuðum fljótlega aftur og þá gekk það mun betur. Það var mjög vinsælt að leira og á mánudögum var oftast búin til leir. Börnin höfðu alltaf aðgengi að litum, blöðum, bókum og púslum. Annað leikefni var sótt inn í geymslu og skipt reglulega út og haft inni á deild í mislangan tíma. Starfsfólk var duglegt að spyrja börnin hvað þau vildu gera, eða þá að þau sögðu það að fyrrabragði. Þau gengu alltaf frá diskum og glösum eftir kaffitímamann en eftir því sem leið á veturinn fóru þau að ganga frá eftir hádegismatinn og morgunmatinn. Það var mjög vinsælt að sækja meira meðlæti o.fl. inn í eldhús. Við gerðum einnig myndrænt skipulag um hvaða hópur ætti að fara í útiveru f.h. og hverjir væru inni.

Sjá fylgiskjal varðandi umbætur.



Hanna Dís Guðjónsdóttir deildarstjóri.



## Greinagerð frá Fjósaklettum veturinn 2017-2018, árgangur 2013

Á Fjósaklettum hefur verið mikill áhugi fyrir sögum og Músasagan hjá Helgu hefur verið ómissandi í vetur. Fyrir áramót var unnið verkefni úr sögunni: „Tár úr steini“ þar sem börnin gerðu mynd af tröllastráknum í sögunni. Eftir áramót tókum við söguverkefnið lengra og börnin sömdu eigin sögu og teiknuðu mynd eftir sögunni. Við höfum lesið sögunnar þeirra í samverustundum þar sem höfundar æfa sig í að koma fram fyrir hópinn með söguna sína og hin börnin njóta þess að hlusta. Við höfum líka unnið með fjölmeningu í vetur þar sem það eru mörg þjóðarbrót á deildinni. Við höfum gert fána hvers lands þegar þjóðhátíðardagur þess lands er. Börnin hafa komið með hluti að heiman sem tengjast landinu til að kynna fyrir hinum börnunum. Við höfum skoðað þjóðdansa, þjóðsöngva, teiknimyndir og annað áhugavert á netinu. Við höfum lesið erlendar bækur sem hafa komið að heiman og sungið erlend lög. Við höfum unnið með vináttuna, öll börnin teiknuðu sjálfsmynd sem var hengd upp á vegg á deildinni og mikið var talað um hvað er að vera vinur og hvað gera vinir. Einnig var búið til vinaband á Fjósaklettum þar sem hvert barn gerði sjálfsmynd sem var klippt út og fest á band. Á vorönn var haldið áfram að vinna með vináttuna og vinna vinaverkefni. Unnið var vinatré sem allir hjálpuðust að við að gera. Lyngheimar er grænfánaskóli og því höfum við verið að flokka rusl og matarafganga og höfum við rætt hvað það er mikilvægt fyrir umhverfið og náttúruna að flokka. Þar komum við inn á plast og hve erfitt það er fyrir náttúruna að eyða plasti. Út frá þessari umræðu var ákveðið að búa til taupoka til að nota í staðin fyrir plastpoka. Gerð var hveitibatikmynd á léreft, með sjálfsmynd öðrumegin og stafinn sinn rituðu þau hinumegin. Svo var málað með lit að eigin vali. Börnin tóku svo þátt í að sauma töskuna saman í saumavél undir leiðsögn kennara. Sjá fylgiskjal varðandi umbætur.





Guðrún Porkelsdóttir deildarstjóri

### Greinagerð frá Klapparvör veturinn 2017-2018, árgangur 2012

Í vetur höfum við haft að leiðarljósi grunnþætti menntunar s.s. læsi, lýðræði, mannréttindi, sköpun, tónlist, sjálfbærni, heilbrigði og velferð. Um haustið var lögð áhersla á ritmálið og að allir gætu bæði skrifað og þekkt nafnið sitt á prenti. Við lesum mikið sögur og notum Orðabankann. Öll ný orð fara í Orðabankann og hann er svo notaður í samverustundum til upprifjunar á nýju orðunum sem við erum að læra. Lokaverkefnið okkar var leiksýning og undirbúningur hennar hófst strax eftir áramót. Börnin völdu að gera annaðhvort brúður eða grímur. Þau sömdu leikrit, bjuggu til leikmynd og búninga, völdu sér brúðu/grímu og glæddu hana lífi og sköpuðu henni hlutverk. Að lokum héldu þau sýningu fyrir foreldra og börnin í leikskólanum. Við höfum líka verið að vinna með nánari tengingu milli heimilis og skóla og unnum í því skyni verkefni sem við kölluðum: Að láta ljós mitt skína. Verkefnið fólst í að börnin völdu hlut sem þeim þótti vænt um og komu með hann í leikskólann og sögðu hinum frá. Foreldrar voru hvattir til þátttöku með því að undirbúa barnið heima fyrir verkefnið. Börnin fluttu síðan verkefnið í leikskólanum.

Sjá fylgiskjal varðandi umbætur.





Hlíf Harpa Róbertsdóttir deildarstjóri.

### 3. Ytra mat.

Gert var ytra mat á Lyngheimum veturinn 2016-2017. Við erum enn að vinna að umbótum eftir að matið var gert. Umbótavinnan gengur mjög vel enda öflugt lið starfsmanna sem stafar á Lyngheimum.

### 4. Greinagerð sérkennslustjóra veturinn 2017-2018.

#### Greinagerð sérkennslustjóra veturinn 2017-2018

Eitt barn var með fjóra tíma í stuðning hjá okkur síðasta vetur. Barnið var með stuðningskennara með sér og hann sá alfarið um mál þess með stuðningi frá sérkennslustjóranum. Sérkennarinn og foreldrar barnsins fylltu út APES listann fyrir það og var einstaklingsnámskráin gerð út frá listanum. Sérkennarinn útbjó líka skráningarlista við verkefni þar sem hún skráði alla vinnu þeirra. Að auki vorum við með 10 tvítyngd börn á aldrinum 4 til 6 ára sem við skoðuðum

málskilninginn hjá með Efi2, Hljóm og spjalli. Fjögur þeirra komu út með lítinn orðaforða og lélegan málskilning og sá sérkennslustjórinn um þjálfun þeirra í vetur þar sem aðaláherslan var að auka orðaforðann hjá þeim, en í skólahópnum voru þau líka undirbúin fyrir skólann næsta vetur. Þau börn sem komu illa út úr Hljómi fengu líka þjálfun hjá sérkennslustjóranum með verkefnum til að hjálpa þeim fyrir skólann næsta vetur. Sérkennslustjóri gerði sér einstaklingsnámskrá um þessa þjálfun.

Sérkennslustjóri fór með skólaverkefni inn á eldri deildir sem átti að vera auðvelt að vinna með börnunum. Verkefnin voru samt þannig að það þurfti að vera starfsmaður með þeim til að fylgjast með vinnu þeirra og leiðbeina þeim sem voru að gera þetta í fyrsta sinn og hjálpa sérstaklega þeim börnum sem áttu erfitt með þetta.

Fyrir foreldraviðtölin sem eru tvisvar á ári hafa deildarstjórar gert Tras skimun fyrir barnið og foreldrum sýndar niðurstöður prófsins. Í foreldraviðtalinu er síðan skoðað með foreldrum hvort það sé eitthvað sérstakt sem þarf að vinna með og einnig eru foreldrar spurðir hvort það sé eitthvað sem þau hafa áhyggjur af eða vilja að verði lögð áhersla á í vinnu með barninu.

Á starfsmannafundi að hausti er barnahópurinn sem verður hjá okkur næsta árið skoðaður, hvað mörg börn, á hvaða aldri og hvort það sé eitthvað sem við þurfum að fylgjast með. Þar er farið yfir hvað á að gera ef barn fær bráðaofnæmi og síðan settar upp myndir af þessum börnum upp á vegg á kaffistofunni með leiðbeiningum hvernig á að bregðast við aðstæðum.

Þegar það koma upp tilfelli þar sem allir starfsmenn þurfa stöðugt að vera með augun á barni í öllum aðstæðum er reglulega sett áminning upp á töflu á kaffistofunni til að minna starfsmenn á.

Skipulagið hjá okkur er þannig að sérkennslustjóri og hver deildarstjóri er með tvo undirbúningstíma á viku á sama tíma. Þessa tíma geta þeir notað til að ræða og skoðað þau mál sem koma upp hjá þeim. Við erum búnar að gera verkferla þar sem kemur fram hvað við gerum ef grunur vaknar um frávík hjá barni. Við útbjuggum möppu þar sem allar upplýsingar koma fram hvað við gerum og við hvern við eigum að tala til að fá ráð. Einnig var útbúin mappa inn í starfsmannaboxinu þar sem hægt er að finna öll umsóknareyðiblöð sem þarf að fylla út og hvað hver sérfræðingur hjá Miðgarði vill fá með umsóknum til sín.

Sérkennslustjórinn tekur síðan við öllum umsóknum skráir allt hjá sér og kemur þeim til Miðgarðs.

Fyrir hvern og einn samráðsfund með starfsfólki Miðgarðs fara deildarstjórar og sérkennslustjóri yfir þau mál sem deildarstjórar vilja ræða á samráðsfundinum. Fyrir hvern fund fylla deildarstjórar síðan út sérstakt eyðublað sem fulltrúi sérkennslu í Miðgarði útbjó þar sem þeir taka fram hvað þeir vilji ræða á fundinum, en út frá þessum blöðum meta fulltrúar Miðgarðs hver kemur frá þeim á samráðsfundinn.

Marta Árnadóttir sérkennslustjóri.

## **5. Skipulag starfs vegna barna með annað móðurmál en íslensku.**

### **Hvernig er unnið með fjölmenningslegt leikskólastarf.**

Boðið hefur verið uppá reglulega fræðslu og ráðgjöf á leikskólanum. Höfum við fengið fyrirlestra á skipulagsdögum um fjölmenningu frá Fríðu Bjarney. Fjölmenningsvefurinn inná Fróða hefur líka reynst okkur vel. Skipulögð hafa verið fjölbreytt verkefni tengd menningu þeirra landa sem börnin á leikskólanum tengjast. Haldið er uppá þjóðhátíðardag þeirra og börnin koma með hlut að heiman sem tengist landinu og segja frá í samverustund. Allir eru mjög spenntir að koma með hlut að heiman og segja frá honum. Foreldrar taka mikinn þátt í verkefninu og hjálpa börnunum með frásögnina. Hlustað er á lög frá viðkomandi landi og þjóðfáninn teiknaður. Heimskortið hangir uppi á leikskólanum. Merkt er inn á kortið hvaðan við komum og fáninn settur við landið. Fyrir framan allar deildir leikskólans hanga þjóðfánar upprunalands barnanna. Þetta skapar mikla umræðu meðal barnanna um hvaðan þau koma og hver á hvaða fána. Stefnt er að því að hengja upp alla þjóðfána í fataklefanum og skrifa undir þá „velkomin í leikskólann“ á því tungumáli sem við á, áður en aðlögun hefst í haust. Við teljum að með þessu verkefni tengjumst við börnunum og foreldrum þeirra betur.

### **Hvernig er unnið með íslensku sem annað mál og virkt tvítyngi.**

Markvisst er unnið með börnum sem eru með íslensku sem annað mál. Skipulagðar eru stundir hjá sérkennslustjóra fyrir einstaklinga og hópa með það í huga að efla orðaforða. Notuð eru viðmið um máltöku barna með annað móðurmál en íslensku inná fjölmenningsvef Fróða vef Reykjavíkurborgar. Orðaskil er markvist notað ásamt myndum. Lestur bóka, örsögur með endursögn og spurningar um söguna

gefur okkur góða mynd af málskilningi, hlustun, tjáningu og getu til frásagnar. Hjóm, Efi og gátlistar eru notaðir til að kortleggja stöðu barnanna varðandi málvitund og málskilning. Ritmál er haft sýnilegt á öllum deildum og hver hlutur er merktur með ritmáli t.d stóll, borð, gluggi. Foreldrar eru upplýstir um íslenskar hefðir og venjur, þeir miðla þeim upplýsingum til barna sinna og þannig er stuðlað að betri skilningi á því sem í vændum er.

### **Hvernig er samskiptum við foreldra háttað.**

Stefnan er að breyta móttöku fyrir foreldra með annað tungumál. Fyrirrennari minn boðaði alla nýja foreldra saman á kynningarfund. Síðustu ár hefur verið mikil aukning á erlendum foreldrum. Það er því nauðsynlegt að breyta þessu fyrirkomulagi og boða foreldra með annað tungumál á kynningarfund með túlki. Mikilvægt er að allir fái sömu upplýsingar varðandi aðlögun, stefnu leikskólans svo að upphaf skólagöngu gangi sem berst fyrir sig.



## **6. Starfspróunarsamtöl og fræðsla.**

**Starfspróunarsamtöl** verða í október 2018 og mars 2019. Inn á innri vef Reykjavíkurborgar eru leiðbeiningar varðandi starfspróunarsamtöl og mun ég styðjast við þær leiðbeiningar í samtölunum.

**Símenntun** á síðasta ári var eftirfarandi: Í október 2017 var fyrirlestur í Rimaskóla, Öflug liðsheild. Í apríl 2018 fór allur starfsmannahópurinn til Gdansk á fyrirlestra og skólaheimsóknir. Þar lögðum við mikla áherslu á liðsheild og hópefli.

**Áætlun um símenntun veturinn 2018-2019.**

Á skipulagsdegi í september verður að ósk starfsmanna fenginn fyrirlestur um tengingu sköpunar við námsþættina.

Á skipulagsdegi í október verður sameiginlegur fyrirlestur í Rimaskóla um mikilvægi heilsueflingar og hreyfingar.

Boðið verður uppá námskeið í hjálp í viðlögun. Þrjú ár eru síðan boðið var uppá slíkt námskeið. Tímasetning er ekki staðfest.

### **Önnur fræðsla.**

Vorið 2019 mun faghópur Lyngheima fara á námskeiðið „ Leikum og lærum“. Þeir starfsmenn sem ekki fara fá fyrirlestur um læsiskennslu og skólaheimsókn.

## **7. Foreldrasamvinna.**

### **Foreldraviðtöl.**

Foreldraviðtöl verða á haustönn dagana 23.-26. október. Foreldraviðtöl eru auglýst á hurðum hvernar deildar. Foreldrar skrá sig á þann tíma sem hentar þeim berst. Okkur hefur þótt mikilvægt að fá alla foreldra í haustviðtölin. Góð kynning að hausti gerir samvinnuna við foreldra og börn betri.

Í haustviðtölunum er gerð einstaklingsnámskrá fyrir hvert barn með foreldrum, farið yfir markmið og leiðir deildarinnar fyrir skólaárið 2018-2019 varðandi námsþættina.

Foreldraviðtöl að vori verða dagana 8-12. apríl 2019. Viðtölin eru auglýst eins og að hausti. Í viðtölunum er farið yfir veturinn, einstaklingsnámskrá og Tras .

### **Foreldrafundir.**

Tveir foreldrafundir verða á næsta skólaári.

Mánudaginn 13. ágúst verður kynningafundur fyrir nýja foreldra . Leikskólinn verður kynntur í máli og myndum, farið yfir hvernig aðlögunin gengur fyrir sig og hvað þarf að hafa í huga þegar við byrjum í leikskóla.

Foreldrafundur fyrir alla foreldra leikskólans verður þriðjudaginn 18. september. Vetrarstarfið verður kynnt í máli og myndum, Foreldrafélagið kynnir starf sitt og kosið verður í nýja stjórn. Foreldraráð kynnir hlutverk sitt og kosnir verða nýir fulltrúar í foreldraráðið.

## **Foreldraráð.**

Í foreldraráði eru fjórir fulltrúar foreldra, einn frá hverri deild. Kosið er í foreldraráð á foreldrafundi að hausti. Aðalhlutverk ráðsins er yfirlestur og umsögn um starfsáætlun og námskrár. Ráðið hefur einnig verið með í ráðum varðandi lokun vegna sumarleyfa.

Kosið verður nýtt foreldraráð haustið 2018.

## **Foreldrafélag.**

Í foreldrafélagi Lyngheima sitja tveir fulltrúar frá hverri deild leikskólans. Á haustfundi fyrir foreldra er kosið í stjórn foreldrafélagsins. Oftast eru nokkrir úr fyrri stjórn sem gefa kost á sér áfram til starfa fyrir foreldrafélagið. Fyrsti fundur foreldrafélagsins er í byrjun október. Þá er skipað í stöðu formanns, ritara og gjaldkera. Foreldrafélagið fundar eftir þörfum, en fastir fundir eru þrír, haustfundur, jólafundur og vorfundur. Á þessum fundum eru viðburðir skipulagðir.

Foreldrafélagið stendur fyrir nokkrum viðburðum á ári, sveitaferð, sumarhátíð og piparkökudegi. Foreldrafélagið hefur líka gefið okkur leiksýningar og afmælisgjafir.

## **8. Samstarf leik og grunnskóla/Samstarfsverkefni.**

### **Áætlun vegna samstarfs leik og grunnskóla.**

Áætlun vegna samstarfs leikskólans er unnin í samstafi við Rimaskóla, og gefin út að hausti. Foreldrum allra barna á leikskólanum eru send áætlunin í tölvupósti í byrjun haustannar með dagsetningum heimsóknna í Rimaskóla. Samstarfið er í föstum skorðum og börnin mæta í kennslustund, danstíma, íþróttir, á bókasafnið og frístundaheimilið.

### **Samstarfsverkefni leik og grunnskóla**

#### **Verkefni: Heilsueflandi hverfi.**

- Hreyfing var kosin sem sameiginlegt viðfangsefni vetrarins.
- Samstarfið og markmið þess er gert fyrir mæði nemendur og starfsmenn leik og grunnskólana.



Ákveðið var á sameiginlegum fundu leikskóla Rimahverfis og Rimaskóla að vinna saman að verkefni tengt hreyfingu. Sameiginlegur skipulagsdagur verður 17. október 2018. Það var líka ákveðin sameiginleg dagskrá fyrir nemendur skólanna. Skipulagður var einn viðburður fyrir áramót, þann 26. október og einn viðburður á vorönn, þann 12. apríl 2019.

Dagskrá skipulagsdagsins 17. október 2018 verður eftirfarandi.

### Starfsmenn:

- Sameiginlegur starfsdagur leikskólanna og Rimaskóla þann 17. október næstkomandi kl. 14 - 16.
- Komið verður saman í Rimaskóla og samstarfið kynnt á sal.
- Starfsmenn verði búnir að skrá sig í ákveðna hópa (mismunandi hreyfing) og halda af stað eftir kynningu á sína hreyfistöð.

### Tillögur að hreyfistöðvum:

- Ganga á Úlfarsfell
- Menningarganga um Rimahverfi
- Yoga í Rimaskóla
- Zumba í Rimaskóla
- Hjólatími í World Class



### 26. október 2018 og 12. apríl 2019

- Ákveðið að halda tvo hreyfingadaga næsta skólaár. Fyrri hreyfingadagurinn verður 26. október kl. 10:30 og sá seinni 12. apríl kl. 10:30.

Markmið með hreyfingadögum er að allir fari út að ganga á sama tíma þessa tvo daga. Hóparnir verði sýnilegir í hverfinu og það virki hvetjandi fyrir aðra íbúa hverfisins að fara út að hreyfa sig. Það er ekki endilega ákveðið að hóparnir hittist og gangi saman heldur að það verði sýnileg hreyfing í hverfinu. Hægt að láta foreldrafélög vita af þessu og Grafarvogsblaðið. Kannski er þetta byrjun á stærri hreyfingu í hverfinu.

- Ungliðahlaup í Gufunesbæ.

Nemendur sem eru að ljúka 1. bekk og elstu nemendur leikskólanna koma saman í Gufunesbæ og efna til ungliðahlaups og eiga saman góða stund.

Læt hér fylgja með tengil á upplýsingar um „Heilsueflandi samfélag“.

<https://www.landlaeknir.is/heilsa-og-lidan/verkefni/item28551/Heilsueflandi-samfelag>

### **Samstarf leikskóla í Rimahverfi vegna elstu barna.**

Leikskólarnir þrír í Rimahverfi, Fífuborg, Lyngheimar og Laufskálar, vinna sameiginlega að því að kynna barnahópa sína innbyrðis með það að markmiði að fleiri þekkist þegar grunnskólaganga hefst.

### **Þetta samstarf byggist á nokkrum viðburðum.**

Elstu börn allra leikskólanna leggja mikinn metnað í að setja upp sýningar í tengslum við útskriftina sína úr leikskólanum. Þessar sýningar eru fyrir foreldra á útskriftardaginn og leikskólabörn Rimahverfis í lok maí. Einn leikskóli er gestgjafi í einu og fær til sín hina tvo leikskólana í heimsókn. Sett er upp sýning og að henni lokinni eru börnin hvött til að spjalla og leika. Boðið er uppá ávaxtabita.

Allur hópurinn hittist í júní á útivistarsvæði við Gufunesbæ. Starfsfólk Gufunesbæjar er með dagskrá sem leikskólakennararnir styðja við. Börnin, sem nú þegar þekkjast orðið nokkuð, fá tækifæri til að vinna saman að verkefnum í ólíkum hópum. Gefið er tækifæri til frjálstra leikja og í lokin er boðið uppá ávexti.

Yfir vetrartímann hittast þessir hópar ásamt 1. bekk Rimaskóla og vinna verkefni sem tengjast verkefninu Heilsueflandi skólar í Grafarvogi. Farið er í vettvangsferðir og víðavangshlaup.

Að tilheyra leikskólahóp er oft krefjandi verkefni og því áskorun að takast á við að tilheyra en stærri hópi þegar komið er í 1. bekk grunnskóla. Við viljum styðja börnin og stuðla að vináttu þeirra á milli leikskóla. Við teljum aðferðir leikskólans þar sem leikurinn er í hávegum hafður tilvalin leið til að styrkja tengsl þessara barna.


### **Dagskrá samstarfsverkefnis leikskóla í Rimahverfi.**

- 17. maí er sameiginlegur umferðaskóli í Fífuborg.

- 23. maí er heimsókn í Laufskála. Skólahópur Laufskálar sýnir okkur útskriftaverkefnið sitt og síðan er farið út og leikið saman.
- 1. júní er heimsókn í Fífuborg. Skólahópur Fífuborgar sýnir okkur útskriftaverkefni sitt og síðan er farið út og leikið saman.
- 8. júní er heimsókn í Lyngheima. Skólahópur Lyngheima sýnir útskriftaverkefni sitt og síðan er farið út og leikið saman.
- 22. júní er farið í Gufunesbæ, við leikum okkur saman og borðum ef veður leyfir.

Tröllasaga.

Einu sinni var tröllastrákur að labba og svo kom björn og borðaði hann og varð veikur. Svo fór björninn í nammibúð og borðaði mikið nammi. Hann borðaði þar til hann var búin að borða allt. Hann borðaði borð, stól, sófa, hús, bíla og tré. Þá varð hann veikur og þurfti að vera heima en þá stalst hann til að fara út og hann týndist og fraus í klaka. Svo fór klakinn og þá var hann orðin að steini.



## 9. Skipulagsdagar.

Skipulagsdagar skólaárið 2018-2019.

- Föstudaginn 14. september 2018.
- Miðvikudaginn 17. október 2018 . Sameiginlegur með skólum Grafarvogs.
- Föstudaginn 7. desember 2018. Hálfur dagur.
- Föstudaginn 11. janúar 2019. Hálfur dagur.
- Mánudaginn 18.mars 2019. Sameiginlegur með skólum Grafarvogs.
- Föstudaginn 26. apríl 2019.
- Föstudaginn 24 maí 2019 . Sameiginlegur með skólum Grafarvogs.

## 10. Fylgiskjöl.

10.1 Matsgögn.

10.2 Umsögn foreldraráðs.

Ábyrgðarmaður starfsáætlunar 2018-2019

Kristín Helgadóttir leikskólastjóri Lyngheima

## Fylgirit með starfsáætlun/Fjósaklettur

### Umbótaáætlun 2018-2019

Tækifæri til umbóta	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímasetning aðgerða	Ábyrgðaraðili	Endurmat, hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð og hver framkvæmir	Hvaða aðferðir (fjölbreyttar) eru notaðar við gagnaöflun?	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiðum.
Vinátta	Að efla vináttutengsl og að enginn sé útundan í leik.		Hófst haust 2016 lýkur vor 2019.	Deildarstjóri og starfsfólk	Tala saman um vináttuna. Lesa bækur um vináttu. Vinna sameiginleg verkefni (vinaband, sameiginleg sögugerð). Nota markvist orð og hugtök um vináttu og tilfinningar.	Efla samkennd. Efla virðingu fyrir hvert öðru. Efla kærleika. Auka orðaforðann.
Jafnrétti/lýðræði	Að börnin hafi áhrif.	Ræða í minni hópum t.d. hvað er í matinn og koma á framfæri í eldhúsi.	Haust 2018 lýkur vor 2019.	Deildarstjóri og starfsfólk		
Sögugerð	Halda áfram með sögugerð sem endar í sögubók.	Byggja ofan á það sem komið er út frá hugmyndum barnanna.	Hófst haust 2017 lýkur vor 2019.	Deildarstjóri og starfsfólk.	Lesum bækur, segjum sögur, aðgengi að bókum.	Efla ímyndunarafl barnanna. Eflast í að koma fram fyrir framan hópinn. Æfa hlustun.

Fylgirit með starfsáætlun /Leikur og nám – lýðræði,jafnrétti og þátttaka barna.

Umbótaáætlun 2018-2019

Tækifæri til umbóta	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímasetning aðgerða	Ábyrgðaraðili	Endurmat, hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð og hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir (fjölbreyttar) eru notaðar við gagnaöflun?	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiðum.
Börnum er gefið tækifæri til að hafa raunveruleg áhrif á skipulag leikskólastarfsins.	Reglulegir fundir með börnunum til að ná fram þeirra rödd.	Funda með börnunum varðandi val á verkefni, fylgjast með framvindu verkefnis og hvert verkefnið stefnir	Haust 2018 /endar þegar flæðið stoppar.	Deildarstjóri.	Gleði barnanna yfir verefnninu. Ljósmyndir , frásagnir barnana og myndbönd af vinnunni.	Afrakstur verkefnavinnu. Skráning.
Leitað er eftir hugmyndum barna og þau studd í að útfæra og framkvæma þær.	Börnin koma með hugmyndir að ferlivinnu og fá að þróa hugmyndina með okkar stuðningi.	Fundað með börnunum varðandi verkefni, hlustað á þeirra rödd	Lýkur þegar börnin segja stopp eða áhugi á verkinu minnkar.	Deildarstjóri/ verkefnastjóri myndlist.	Mat barnanna á vinnunni og skráning.	Rödd og hugmyndir barnanna skipta máli.

		varðandi framkvæmd og þróun mikil og góð skráning.				
Í samvinnu við börnin er leitast við að taka þátt í samfélagsverkefnum svo sem umhverfisvernd.	Grænfáni /Heilsuefling.	Sjá markmið grænfána og heilsueflingar.	Byrjar að hausti lýkur að vori.	Deildarstjóri.	Mat barnanna á verkefninu.	Áhugi, ímyndunar og sköpunarkraftur barnanna.

Fylgirit með starfsáætlun /þátttaka foreldra í leikskólastari og upplýsingamiðlun.

Umbótaáætlun 2018-2019

Tækifæri til umbóta	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímasetning aðgerða	Ábyrgðaraðili	Endurmat, hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð og hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir (fjölbreyttar) eru notaðar við gagnaöflun?	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiðum.
Allir foreldrar fá bæklinginn Velkomin til samstarfs við upphaf skólagöngu.	Að allir fái þann bækling sem skóla og frístundasvið gefur út fyrir nýja foreldra.	Pöntum bækling tímanlega á öllum tungumálum	Fyrir haustið.	Stjórnandi.	Stjórnandi passar að allir fái bækling.	Að allir fái sömu upplýsingar.
Foreldrar hvattir til þátttöku í leikskólastarfi og þróun þess.	Að fá foreldra til að mæta á fundi og starfa í foreldraráði og gera könnun meðal foreldra varðandi þróun starfsins.	Könnun með spurningum um starfið eða einstaka þætti þess	Byrjar í september lýkur við lok vorannar.	Stjórnandi /deildarstjórar.	Spurningar varðandi þá þætti starfsins sem við viljum skoða. Umsögn frá foreldraráði.	Kosning í foreldraráð, og ráðið setji sér starfsreglur.

Foreldrar taka virkan þátt í viðburðum á vegum leikskólans.	Að ná 100% þátttöku í stað 98% þátttöku.	Umræður um viðburð við börnin, auglýsa og ræða um viðburð við foreldra og mikilvægi þess að þátttaka þeirra skiptir barnið miklu máli.	Byrjar á haustfundi 2018 lýkur aldrei.	Stjórnandi/deildarstjórar.	Umræða á stórum foreldrafundi, fundi með börnunum og foreldraviðtölum.	Foreldrar sýna leikskólanum áhuga með því að mæta.
Starfsfólk er lausnamiðað í samskiptum við foreldra með annað móðurmál en íslensku og nýtir fjölbreytar leiðir til samskipta.	Að allir foreldrar fái sömu upplýsingar sama hvað tungumál þeir tala.	Túlkur, enska, myndir sem skýra málin, skýrar upplýsingar á heimasíðu skólans.	Byrjar þegar við fáum inn nýja foreldra / lýkur aldrei.	Stjórnandi / deildarstjórar.	Könnun meðal foreldra með annað tungumál en íslensku.	Vissan um að allir fái sömu upplýsingar.



Fylgirit með starfsáætlun / Fagmennska starfsfólks.

Umbótaáætlun 2018-2019

Tækifæri til umbóta	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímasetning aðgerða	Ábyrgðaraðili	Endurmat, hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð og hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir (fjölbreyttar) eru notaðar við gagnaöflun?	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiðum.
Starfsfólk er ánægt með framkvæmd stefnunnar.	Vera með öfluga fræðslu um stefnuna okkar.	Fá fyrirlestur um stefnuna. Námsþættirnir/stefnan okkar. Kristín Hildur.	Skipulagsdagur 12. sept 2018.	Stjórnendur.	Spurningar varðandi námskeiðið.	Niðurstaða úr spurningakönnun.
Samstarf og samábyrgð starfsfólks innan deilda er sýnilegt.	Að gera skír og sýnileg markmið fyrir hverja önn. Starfsmenn vita hvert deildin stefnir.	Gera skýra umbóta og markmiðsáætlun sem auðvelt er að vinna eftir.	Haut 2018.	Deildarstjóri.	Farið yfir markmiðin á deildarfundum.	Hvað var unnið af markmiðunum.

## Fylgirit með starfsáætlun / Klapparvör.

### Umbótaáætlun 2018-2019

Tækifæri til umbóta	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímasetning aðgerða	Ábyrgðaraðili	Endurmat, hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Efla málþroska. Læra stafinn sinn.	Að börnin tileinki sér íslenskt mál.	Lesna bækur. Ritmálið sýnilegt. Merkja allt.	Sept.-Des. 2018.	Harpa og deildarstarfsmenn.	Á deildarfundum aðra hvora viku	Styðjast við Tras
Leggja inn tónlist.	Hlusta á tónlist. Skoða hljóðfæri. Syngja og læra texta.	Geisladiskar. Hljóðfærakassinn. Eitt lag á viku.	Sept.-Des. 2018.	Harpa og deildarstarfsmenn.	Á deildarfundum.	Leggja spurningalist fyrir krakkana um ánægju með tónlistina.
Íþróttir í sal.	Að efla hreyfingu.	Einu sinni í viku í sal í hreyfistund Gönguferðir.	Sept.-Des. 2018.	Harpa og deildarstarfsmenn	Á deildarfundum.	Hreyfiþroski barna 3-5 ára.

## Fylgirit með starfsáætlun / Velferð og líðan barna

### Umbótaáætlun 2018-2019

Tækifæri til umbóta	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímasetning aðgerða	Ábyrgðaraðili	Endurmat, hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð og hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir (fjölbreyttar) eru notaðar við gagnaöflun?	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiðum.
Milli barna ríkir vinátta og samkennd.	Vinna vináttuverkefni þvert á leikskólann.	Hver deild geri sér markmið varðandi vináttuverkefni með börnunum. Eitt sameiginlegt verkefni t.d. vinahringur.	Haust 2018.	Stjórnandi, deildarstjóra, starfsmenn deilda.	Fundir með börnunum í lok hvers áfanga verkefnis. Spurningar lagðar fyrir börnin varðandi vináttuverkefnið í lok annar.	Niðurstöður úr svörum barnanna og funda með börnunum.
Reglur eru skýrar og samræmdar og börnin þekkja þær. Börnin eru þátttakendur í að búa til reglur þegar við á.	Samræma reglur, börnin verði þátttakendur í að búa til reglur að hausti t.d. í útiveru, inni og samskiptum.	Vinnuhópar fari yfir reglur hússins. Þeir komi með tillögur að samræmingu. Fundað með	Haust 2018. Fundað með börnunum. Byrjuðum strax eftir skipulagsdag að vinna að	Stjórnandi, nefnd, deildarstjórar.	Reglur líta dagsins ljós.	Reglur sýnilegar. Allir starfsmenn og börn þekkja reglurnar. Spurningar lagðar fyrir börn og

		börnum hverrar deildar og gerðar reglur varðandi útisvæði og húsreglur.	samræmdum reglum t.d í garði. Lokið í lok september 2018.			starfsfólk um reglurnar.
--	--	---	--	--	--	-----------------------------

## Fylgirit með starfsáætlun / Guddumói

### Umbótaáætlun 2017-2018

Tækifæri til umbóta	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímasetning aðgerða	Ábyrgðaraðili	Endurmat, hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð og hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir (fjölbreyttar) eru notaðar við gagnaöflun?	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiðum.
Samverustundir	Hafa aldurskiptar samverur f.h. þrisvar sinnum í viku.	Yngri: Vinna með form og liti. Eldri: Læra að sitja kyrr og hlusta á sögu og þyngja sögurnar eftir því sem líður á veturinn. Málörvunaræfingar og tunguæfingar.	Miðjan febrúar og endar í haust.	Deildarstjóri leiðbeinandi fyrir sína starfsmenn á deild.	Sjá hvernig gengur í maí, halda þá áfram þangað til þau fara á aðra deild.	Hættum fljótlega að skipta þeim á morgnana í tvo hópa, en unnum samt í því að kenna þeim liti og form. Voru dugleg að hlusta á sögur. Eftir hádegi var þeim skipt í 2 hópa og hlustað á sögur.
Myndlist	Allir hópar komist einu sinni í viku.	Áhersla á þrjú fyrirfram ákveðin verkefni. Höfuðfætla núna í	Hefst strax í febrúar, vor eða þegar	Deildarstjóri leiðbeinandi fyrir sína starfsmenn á deild.	Allir eiga að lágmarki þrjú verkefni fyrir opna húsið.	Vorum dugleg að nýta myndlistarkrókinn og einnig að bjóða

		janúar. Klára myndir í loftinu (allir á deildinni). Kynnast ýmsum efnivið. Þjóða oftari upp á að klippa.	þau fara á eldri deild.			upp á eitt og annað fönður inni á deild.
Sjálfræði og lýðræði.	Að gera þau að sjálfstæðari einstaklingum.	Höfum efnivið /leikefni í boði sem þau geta nálgast. Þau þurfa að spyrja um leyfi fyrir því sem þau vilja gera. Þau velja sjálf og hafi áhrif það sem er í boði hverju sinni. Notumst við tímavaka.	Byrjum strax.	Deildarstjóri leiðbeinandi fyrir sína starfsmenn á deild.	Í vor/haust þegar þau fara yfir á aðra deild.	Gekk ekki vel í haust, en mun betur þegar við byrjuðum aftur fljótlega eftir pásuna. Þau voru dugleg að spyrja hvort þau mættu skipta um leikföng.
Menning		Höldum uppá þjóðhátíðardaginn. Spilum þjóðsöng og fleiri lög frá löndum barnanna á deildinni.	Byrja strax	Deildarstjóri leiðbeinandi fyrir sína starfsmenn á deild	Í vor/haust þegar þau fara yfir á aðra deild.	Prentuðum út þjóðfána barnanna á deildinni. Það gleymdist kannski svolítið að halda uppá þjóðhátíðardag hvers lands.

## Umsögn foreldraráðs á starfsáætlun Lyngheima 2018-2019

Þeir einstaklingar sem sitja í foreldraráði hafa farið yfir starfsáætlun leikskólans, greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári og þær breytingar sem hafa orðið á starfinu.

Síðasta vetur urðu breytingar, haustið byrjaði á því að leikskólastjórinn sagði upp störfum og í kjölfarið myndaðist mikil óvissa um framhaldið. Það var mikið gæfuspor fyrir Lyngheima að Kristín Helgadóttir tók við sem leikskólastjóri þar sem hún þekkti starfið vel.

Við í foreldraráði teljum starfið hafa gengið mjög vel í vetur. Gert var ytra mat á síðasta ári og fékk leikskólinn ábendingar um hvað vel var gert og hvað mætti betur fara. Við sjáum að því hefur verið fylgt eftir og vilji er fyrir því að gera enn betur. Frábært er að sjá hvernig unnið hefur verið að því að gera umbótaáætlanir leikskólans fyrir næsta vetur en þær eru bæði skýrar og hnitmiðaðar. Þetta gefur foreldrum betri innsýn í leik og starf barnanna.

Starfið í vetur hefur verið með svipuðu máti og fyrri ár enda búið að móta stefnu leikskólans Reggio Emilio vel í gegnum árin. Það sem nýtt var í vetur var að leikskólinn fékk grænfána 2. Börnin hafa mikinn áhuga því í hverju það fellst að vera umhverfisvænn. Þau velta fyrir sér flokkun, hvert ruslið fer, hvað má gera betur og koma með fróðleikinn heim. Einnig hefur verið áberandi í vetur hvað mikið hefur verið unnið með fjölmenningu á leikskólanum þar sem öll börn hafa fengið tækifæri á að kynna sína menningu og ýmis skemmtileg verkefni unnin.

Samstarf milli leikskólanna í hverfinu byrjaði aðeins í vor og stefnan er á að það verði meira í vetur ásamt því að kynnast Rimaskóla. Þetta er gott og skemmtilegt fyrir börnin að kynnast skólafélögum sínum lítilega áður en grunnskólagangan hefst.

Það hefur verið ánægjulegt að sjá hversu mikil breyting hefur orðið á húsinu í vetur. Létt hefur verið á því með að færa húsgögn og endurnýja, veggir málaðir og leiksvæði hafa verið færð til. Við finnum hvað er gott að koma inn í leikskólann þar sem orðið er bjartara yfir húsnæðinu og börnin hafa gaman af þeim breytingum sem hafa átt sér stað.

Foreldraráðið er ánægt með starf leikskólans og þær breytingar sem orðið hafa í vetur.

Starfsfólk leikskólans stendur sig vel við að sinna námi og leik barnanna ásamt því að gera námsumhverfið gott.

Laufey Friðriksdóttir

Thelma Guðmundsdóttir

Jóhanna Lilja Hólm